

DKG-fundur haldinn í Grunnskólanum í Þorlákshöfn 25. mars 2017

Gestgjafi fundarins: Ingibjörg Þorleifsdóttir

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir bauð alla velkomna á fundinn og þá sérstaklega þær sem komu nýjar.
2. Kristín Sigfúsdóttir las fundargerð í fjarveru Sigfríðar Sigurgeirsdóttur.
3. Hólmfríður flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um innsæi og að auka styrk sinn með næmni og skynjun.
4. Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning formannsins okkar, Ingibjargar Þorleifsdóttur á þeirri vinnu sem fram fer í læsisteymi Menntamálastofnunar. Hún sagði meðal annars frá lestrarprófum sem verið er að semja og allir grunnskólakennarar hafa eða munu hafa aðgang að. Ingibjörg ætlar að senda okkur glærur í tölvupósti.
5. Ingibjörg bað fólk um að skrifa niður á miða hugmyndir að einhverju til að gera eða hlusta á fyrir næsta vetur.
6. Happprættið góða var á sínum stað og hlaut Kristín Sigfúsdóttir vinninginn að þessu sinni.
7. Ekki er ákveðið hvort næsti fundur verður í apríl eða maí n.k.
8. Fleira ekki gert og fundi slitið.
9. Að loknum fundi var farið á veitingahúsið Meitilinn í Þorlákshöfn, sem er í eigu Guðrúnar okkar Sigríks og Sigmars mannsins hennar. Þar sem framreidd var hin ljúfasta kjötsúpa og gúllas fyrir þá sem það vildu.

Kristín Sigfúsdóttir, ritari í fjarveru Sigfríðar